



13. nóvember 2023

Tilv.:2308027

Dreifibréf nr.: 36/2023

Dreifibréf til verðbréfafyrirtækja og lánastofnana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem veita fjárfestingarþjónustu í tengslum við eignastýringu eða viðbótarþjónustu og annarra er málið varðar.

### **Efni: Uppfærðar viðmiðunarreglur ESMA um vörupróun og dreifingu.**

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) gaf út uppfærðar viðmiðunarreglur um vörupróun og dreifingu (ESMA35-43-3448 Guidelines on MiFID II product governance requirements) þann 27. mars 2023. Hinar uppfærðu viðmiðunarreglur voru birtar á öllum opinberum tungumálum ESB, á heimasíðu ESMA þann 3. ágúst 2023 og taka gildi að tveimur mánuðum liðnum frá birtingu þeirra, eða þann 3. október sl. Viðmiðunarreglurnar koma í stað eldri samnefndra viðmiðunarreglna sem voru teknar upp héraðs með dreifibréfi 45/2021 þann 2. september 2021.

Uppfærslan á rót að rekja til tilskipunar ESB 2021/338 sem fól í sér breytingar á MiFID II, tilskipun ESB 2014/65, framseldrar tilskipunar framkvæmdastjórnar (ESB) 2021/1269<sup>1</sup> frá 21. apríl 2021 um breytingu á framseldri tilskipun (ESB) 2017/593 að því er varðar samþættingu sjálfbærniþátta í afurðastýringarskyldur, tilmæla ráðgjafanefndar ESMA um hlutfallsreglu varðandi viðmiðunarreglurnar um vörupróun og dreifingu og niðurstöðum sameiginlegra eftirlitsaðgerða ESMA árið 2021 varðandi vörupróun og dreifingu.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér: [ESMA35-43-3448 Final report on MiFID II guidelines on product governance \(europa.eu\)](https://www.esma.europa.eu/press-room/130976-main/35-43-3448-final-report-on-mifid-ii-guidelines-on-product-governance)

Helstu viðbætur viðmiðunarreglnanna eru, án tæmandi talningar, eftirfarandi:

- Félög ættu að tilgreina öll sjálfbærnitengd markmið sem vara uppfyllir.
- Heimilt er að skilgreina markhóp fyrir vöruklasa í stað hvernar einstakrar vöru. Vöruklasar ættu að vera einsleitir innbyrðis og ólíkir öðrum vöruklösum.
- Hvernig ákveða skuli dreifingaráætlun og haga markaðssetningaraðferðum flókinna vara þegar markhópur vörunnar er þröngur og varan seld án ráðgjafar.
- Hvernig haga skuli reglubundinni endurskoðun á vörum, þ.m.t. með beitingu hlutfallsreglunnar.

---

<sup>1</sup> Innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. [1357/2022](#)

- Þegar vörur innihalda sjálfbærniþætti er félögum ekki skylt að skilgreina markhóp sem fellur utan þeirra með hliðsjón af sjálfbærnimarkmiði viðskiptavinar.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta mun verða birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfafyrirtækja og lánastofnana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem veita fjárfestingarþjónustu í tengslum við eignastýringu eða viðbótarþjónustu og annarra er málið varðarað kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir  
framkvæmdastjóri  
háttsemiseftirlit

Erna Ágústsdóttir  
lögfræðingur  
háttsemiseftirlit

